

Háskóli Íslands
Iðnaðarverkfræði,-
 vélaverkfræði og
tölvunarfræðideild
MPM(402F) Lokaverkefni

MPM nám í verkefnastjórnun
Vormisseri 2010



Siðferðilegar forsendur fyrir afskriftum skulda

Nemandi:
Jóhann Steinar Ingimundarson

Leiðbeinandi:
Björn Þorsteinsson

Verkefni þetta er lagt fram til að uppfylla að hluta kröfur til lokaprófs í MPM námi - meistaranámi í verkefnastjórnun við iðnaðarverkfræði,- vélaverkfræði og tölvunarfræðideild Háskóla Íslands

EFNISYFIRLIT

	Bls.
EFNISYFIRLIT	3
ÚTDRÁTTUR	4
1 INNGANGUR	4
2 FRÆÐILEG UNDIRSTAÐA.....	5
2.1 Siðfræði og siðferði.....	5
2.2 Fjórar siðfræðikenningar.....	6
2.3 Siðferðisgæði	8
3 LÍKANIÐ	9
3.1 Unnið með líkanið.....	11
3.2 Umhugsunaratriði.....	13
4 SAMANTEKT.....	14
4.1 Niðurstaða.....	14
4.1 Áhættuþáttur	14
5 UMRÆÐA.....	14
6 ÞAKKIR	15
7 HEIMILDASKRÁ	15

Siðferðilegar forsendur fyrir afskriftum skulda

Jóhann Steinar Ingimundarson
Lokaritgerð í MPM meistaranámi við verkfræðideild Háskóla Íslands – maí 2010

ÚTDRÁTTUR

Ritgerðin fjallar um líkan sem gagnast við siðferðilega réttlætingu við ákvarðanatöku á afskriftum skulda ákveðinna einstaklinga í bankakerfinu. Líkanið dregur fram forsendur og þá forgangsröðun sem forsvarsmenn bankanna leggja til grundvallar ákvörðun. Forsendurnar eru settar fram í formi siðfræðikenninga. Kynntar eru fjórar siðfræðikenningar sem helst hafa gagnast fólki við að skilja siðfræðileg efni. Siðferðisgæðin ákvarða forgangsröðunina og eru þau jafnframt dregin fram og kynnt. Sett er fram líkan til að finna raunhæfa leið, með markgildum, til að greina siðferðilega álitaefni og taka á þeim. Með því móti er búið að taka huglæga þætti siðferðisins og gera þá hlutlæga. Þar með geta fleiri starfsmenn bankanna tekið ákvarðanir um afskriftir skulda og unnt er að bera hlutlægt saman ólík mál.

1. INNGANGUR

Ein afleiðing efnahagshrunsins á Íslandi árið 2008 var aukin skulda- og greiðslubyrði heimilanna í landinu. Reiði almennings vegna þessa var og er mikil enda eiga margir um sárt að binda vegna óvissu í fjármálum heimilisins. Ákall um réttlæti, sanngirni og jafnræði hefur víða komið fram samhliða því að þrýst hefur verið á um að vegna aðstæðna verði eitthvað gert til að koma til móts við fjárhagslega erfiðleika fólks. Því er ljóst að eitt þeirra verkefna sem þarf að takast á hendur í íslensku samfélagi felur í sér útfærslu á lækkun skulda, en það er annars vegar hægt að gera með almennri leiðréttingu þeirra og hins vegar með sértækum afskriftum. Við þá vinnu er nauðsynlegt að byggja á hlutlægri nálgun en ekki síður huglægu mati við ákvarðanatökuna. Allar ákvarðanir fela í sér siðferðilegt athæfi og því er mikilvægt að byggja á siðfræðilegri þekkingu og að fyrirfram sé mörkuð sýn og stefna en slíkt ekki unnið samhliða úrlausn á verkefninu (Páll Skúlason, 1990:81).

Verkefnastjórnun byggir á þremur grunnstofnum; hugviti, verksviti og siðviti. Textinn hér á eftir mun að mestu byggja á forsendum siðvitsins þar sem gerð verður stutt grein fyrir því hvað siðfræði er, dregin verður upp mynd til einföldunar á siðfræði og sýnt með hvaða hætti megi forgangsráða þegar kenningarnar, sem siðfræðin lætur okkur í té, stangast á. Að lokum verður sett fram líkan sem nota mætti til að rökstyðja siðferðilega réttlætingu á afskriftum skulda ákveðinna einstaklinga í bankakerfinu en ekki annarra.

2. FRÆÐILEG UNDIRSTAÐA

Þýski stjórnámálamaðurinn Konrad Adenauer sagði eitt sinn: „Öll erum við fædd undir sama himninum, en ekki höfum við þó öll sama sjóndeildarhringinn.“ (Peale, 1990:71). Umræða um siðferði grundvallast oft á þessari sýn þar sem hver hefur sitt sjónarhorn. Slík sýn gerir umræðuna ómarkvissa þar sem allir hafa reynslu af siðferðinu og skoðun á því, ekki síst þeim þætti sem liggur mönnum þungt á hjarta (Páll Skúlason, 1990:20). Siðfræði getur ekki grundvallast á sjálfðæmishyggju þar sem hver maður er æðsti dómari um siðferðið. Siðfræði verður að grundvallast á því að þekking sé á efninu sem byggir á þeim grunni er þegar hefur skapast og hlotið viðurkenningu (Páll Skúlason, 1990:63-64). Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir siðfræðinni, settar verða fram fjórar siðfræðikenningar og síðan verður sett fram tillaga að forgangsröðun þegar siðfræðikenningar stangast á. Þessi umfjöllun er fræðilegur grunnur að því kerfi og líkani sem kynnt verður til sögunnar í framhaldinu.

2.1 Siðfræði og siðferði

Siðfræðin kemur inn á alla hegðun og breytni manna, tengsl þeirra og samskipti við umheiminn (Páll Skúlason, 1990:24). Í hvert sinn sem við þurfum að taka afstöðu eða framkvæma eitthvað er um siðferðilega athöfn að ræða. Að sama skapi er sú athöfn að gera ekkert einnig siðferðileg (Páll Skúlason, 1990:52). Því hefur yfirleitt verið litið á siðferðið sem kerfi óskráðra reglna annars vegar en hins vegar skráðra reglna (Þorsteinn Gylfason, 1998:149). Þróun á þessum reglum er því ætíð til staðar og hefur siðferðinu þess vegna verið líkt við land í mótun, land sem hefur ekki enn tekið á sig endanlega mynd og leiða má að því líkum að það muni aldrei gera það (Páll Skúlason, 1990:18).

Eðlismunur er á orðunum siðfræði og siðferði. Til frekari útskýringar hefur Páll Skúlason líkt þeim við samspil málfræði og tungumáls. Þá má segja að siðfræðin sé eins og málfræðin, en siðferðið er líkt og tungumálið sem kemur fram í athöfnum fólks og byggir á grunni málfræðinnar. Í daglegu lífi notast menn við þumalputtareglur til einföldunar. Siðferðisreglur eru því þumalputtareglurnar sem hjálpa okkur að skilja eðli siðfræðinnar. Til að viðhalda og auka þekkingu er því einkar mikilvægt að kynna sér siðfræði svo skilningur á þumalputtareglum viðhaldist og aukist, þannig að lokum þekki menn ekki bara þumalputtann heldur alla virkni líkamans (Páll Skúlason, 1990:51).

Helsta markmið siðareglna er að siðferðisleg breytni sé ætíð í því fólgin að stuðla að aukinni hamingju og réttlæti manna í daglegu lífi (Páll Skúlason, 1990:106). Að sama skapi er mikilvægt að eiginlegt og fullgilt siðaboð eigi að gilda fyrir alla og við allar aðstæður. Með því er átt við að siðaboðið á að varpa ljósi á aðstæðurnar og leiðbeina um það hvernig skuli bregðast við. Þar með er einnig hægt að halda því fram að aðstæðurnar kalli ekki á tiltekið siðaboð heldur geri siðaboðið aðstæðurnar ljósar og það sem skiptir mestu máli er að þar með eru siðferðilegir mælikvarðar ekki afstæðir (Páll Skúlason, 1990:98).

Skráning siðareglna hjálpar okkur í daglegu lífi þar sem hún festir reglurnar í sessi auk þess sem þær verða aðgengilegri og skýrari. Fjórar ástæður hafa sérstaklega

verið dregnar fram fyrir skráningu siðareglna (Páll Skúlason, 1990:108):

- *Virkjun* jákvæðra hvata og tilhneinginga sem á að leiða til breytni sem er öllum til góðs.
- *Einföldun* á siðfræðinni þannig að ekki þurfi að eyða löngum stundum til að komast að niðurstöðu.
- *Stuðningur* svo við föllum ekki í þá freistni að hugsa einungis um það sem er í okkar eigin þágu.
- *Gagnsemi* við uppeldi barna og unglunga.

Heilagur Tómas frá Akvínó (um 1225 – 1274) notar latneska orðið *conscientia* um hæfileikann til að greina rétt frá röngu. *Conscientia* hefur verið þýtt sem samviska en meðvitund er einnig bein þýðing á orðinu. Það eru því athygliverð tengsl á milli þessara orða og mikilvægi þess að vera meðvitaður um gjörðir sínar í víðu samhengi (Páll Skúlason, 1990:189).


2.2 Fjórar siðfræðikenningar

Til að setja siðfræðina í einfaldari ramma getur komið sér vel að nálgast hana út frá samantekt á fjórum siðfræðikenningum:

- Dyggðakenning
- Réttindakenning
- Skyldukenning
- Nytjakenning

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir þessum kenningum í aldursröð eftir höfundum þeirra. Á meðfylgjandi mynd má sjá þessar kenningar, ólíka sjónarhóla þeirra, snertifleti og þeim spurningum sem þeim er ætlað að svara.

Ólík sjónarhorn siðfræðikenninga



(Haukur Ingi Jónasson, 2009:2)

Tvær kenninganna, dyggðakenning og nytjakenning, líta til niðurstöðunnar og svara spurningum eins og:

Mun þetta leiða til góðrar niðurstöðu?

Þær eru einnig kallaðar leikslokakenningar vegna þess að athafnir eru metnar út frá því takmarki sem þær stefna að. Hinar tvær, réttindakenning og skyldukenning, líta til ferlisins og leitast við að svara spurningum eins og:

Er þessi athöfn í samræmi við kenningar sem eiga alltaf við?

Þessar kenningar ganga einnig undir nafninu leikreglukenningar þar sem þær vísa til þess að ákveðin breytni eigi alltaf við (Haukur Ingi Jónasson, 2008:1).

Dyggðakenningin er kennd við gríska heimspekinginn Aristóteles (384 f.Kr. – 322 f.Kr.) og stefnir hún að því að hámarka verðmæti eða gæði. Markmið hvers einstaklings er fólgið í að eiga hamingjuríkt og gott líf. Það getur því ekki eingöngu byggst á uppveiti, söfnun næringar og skynjun, þar sem þeim þáttum deilum við með plöntum og dýrum. Því stendur eitthvað einstakt eftir sem gerir okkur mannleg og kallað er skynsemi (Haukur Ingi Jónasson, 2008:1). Skynsemin segir okkur að einstaklingurinn verði að vera sáttur við sjálfan sig, hlutverk sitt og allar ákvarðanir. Kenningin kveður á um að siðferðileg breytni sé skynsamleg ef hún leiðir til lífshamingju og velfarnaðar (Vilhjálmur Árnason, 2008:79). Dyggðum eða gildum má síðan skipta í tvennt, siðferðileg og vitsmunaleg. Dæmi um siðferðileg gildi eru heiðarleiki, hófsemi og frjálslýndi en helstu vitsmunalegu gildin eru viska, sem stýrir siðferðilegri hegðun, og skilningur, sem sést í vísindastarfi og athugunum. Kenningin er eigindleg og huglægt mat á því góða út frá áhrifunum á einstaklinginn og hamingju hans (Haukur Ingi Jónasson, 2008:1).

Réttindakenningin er byggð á hugmyndum enska heimspekingins John Locke (1632 – 1704) um náttúrleg réttindi og/eða samfélagssáttmála sem fellur að tilgangi okkar. Við höfum ekki meðfædda siðferðisþekkingu heldur skiptir máli að það sem er siðferðilega rétt byggji á okkar mati á velferð. Réttindi okkar eru ákvörðuð af náttúrunni og grundvallast á því að framfylgja á heiðarlegan hátt náttúrulegum réttindum og mannréttindum allra hagsmunaaðila (Haukur Ingi Jónasson, 2008:2). Æðsta takmark hvers og eins er að varðveita eigið líf en varðveisla þess á kostnað annarra gengur ekki. Því má segja að einstaklingurinn eigi rétt á lífi sínu, frelsi og eignum en auk þess ber hverjum manni skylda til þess að verja líf annarra (Vilhjálmur Árnason, 2008:75). Kenningin er megindleg og metin huglægt út frá réttindum og skyldum þar sem allir eru jafnir og réttindi sem við njótum eiga aðrir einnig rétt á (Haukur Ingi Jónasson, 2008:2).

Skyldukenningin eða skylduboðskeningin á rætur að rekja til þýska heimspekingins Immanuel Kant (1724 – 1804) en hann heldur því fram að það sé ekki niðurstaðan sem siðferðisgildi athafna ráðist af heldur sé það ásetningurinn sem er að baki. Ekkert er hugsað um afleiðingar og er kenningin megindleg og metin hlutlægt út frá þeirri sýn að athöfnin geti orðið að algildu lögmáli óháð öllu öðru (Haukur Ingi Jónasson, 2008:2).

Nytjakenningin er rakin til ensku heimspekinganna Jeremy Bentham (1748 – 1832) og John Stuart Mill (1806 – 1873) og grundvallast hún á því að auka hamingju og minnka óhamingju (Vilhjálmur Árnason, 2008:106). Rétt og rangt er mælt þannig að ánægja umfram þjáningu sé rétt en þjáning umfram ánægju sé röng. Við slíkt mat er

nauðsynlegt að taka tillit til allra hagsmunaaðila á jafnréttisgrundvelli þannig að hver og einn sé talinn einu sinni og aldrei oftar en einu sinni. Einnig þarf að liggja fyrir nákvæm víska um ákveðna þætti ánægju og þjáningar, s.s. kraft, líftíma og áhrif á tilfinningar af sama eða andstæðum meiði. Kenningin er eigindleg og metin hlutlægt út frá því hvort athöfnin skapi aukna ánægju, auki vellíðan og/eða minnki vanlíðan (Haukur Ingi Jónasson, 2008:1-2).

Stundum koma upp þær aðstæður að sjónarhorn ofangreindra kenninga skarast. Því er nauðsynlegt að kynna nánar með hvaða hætti hægt er að forgangsraða þegar slíkar aðstæður koma upp og verður það gert í næsta kafla.

2.3 Siðferðisgæði

Nauðsynlegt er að nálgast siðferðisleg álitæfni út frá öðru sjónarhorni en siðfræðikenningarnar gera þar sem þær eru takmarkaðar í eðli sínu. Þetta má gera með því að líta á álitamálin út frá siðferðisgæðum. Siðferðisgæðum hefur verið stillt upp mitt á milli andlegra og veraldlegra gæða. Undir ákveðnum kringumstæðum, s.s. þar sem ranglæti eða höft eru til staðar, kunna siðferðisgæðin að vera verðmætari en lífið sjálft. Einkennum þeirra má skipta í fernt (Páll Skúlason, 1990:31):

- Upptök þeirra eða rætur eru í samskiptum fólks eða lífvera.
- Þau eru takmörkuð eða ótakmörkuð.
- Stundum er keppt um þau og stundum ekki.
- Þau eru annaðhvort varanleg eða hverful.

Siðferðisgæði skiptast í réttlæti, sjálfræði og kærleika. Hér verða þessi gæði útskýrð nánar með því að nálgast þau út frá samskiptum og því hverjum þau eru í hag. Samskiptunum er skipt í þrjá undirflokk, öll hugsanleg samskipti, nán persónuleg samskipti og samskipti manna við sjálfa sig. Þegar ákvörðun er tekin er best að láta réttlætið ganga fyrir, síðan sjálfræðið og að lokum kærleikann (Páll Skúlason, 1990:31;151-152).

Réttlætið skipar fyrsta sætið þar sem það er mikilvægt í öllum samskiptum og ranglæti veldur óhamingju og vanlíðan, ekki síður fyrir þann sem framkvæmir en hinn sem verður fyrir því. Réttlætið er eitt flóknasta fyrirbæri siðferðisins því að þess er þörf í öllum hugsanlegum samskiptum. Sumir tengja réttlæti við lög og réttindi sem gilda í samfélaginu en aðrir við hegðun og aðgerðir. Réttlætið kemur því inn á samskipti fólks sem þekkist ekki, nán persónuleg samskipti og líka samskipti manns við sjálfan sig (Páll Skúlason, 1990:31;151).

Sjálfræði er í öðru sæti þar sem það er grunnur að sjálfstæði mannsins en jafnframt gerir það honum kleift að standa á eigin fótum og leggja mat á lífsins gæði. Það veitir frelsi frá utanaðkomandi öflum sem kunna að hafa vald yfir honum auk frelsis til að framkvæma það sem hann vill og hefur getu til að gera. Sjálfstjórn og eigin ákvarðanir einstaklingsins móta samskipti hans við aðra (Páll Skúlason, 1990:31;40;151-152).

Kærleikurinn kemur þar á eftir í þriðja sætinu en hann stendur okkur næst í samskiptum við það fólk sem við þekkjum. Ekki síst okkur sjálf. Sjálfsfyrirlitning og sjálfshatur geta verið stórhættuleg fyrir siðferði manns. Kærleikurinn byggir á hinni gullnu reglu sem fram kemur í Matteusarguðspjalli 7.12 : „Allt sem þér viljið, að aðrir menn geri yður, það skulið þér og þeim gera.“ (Páll Skúlason, 1990:37;152).

Að lokum er einnig vert að hafa í huga eftirfarandi ummæli bandaríska heimspekingsins John Rawls (1921 – 2002) sem sagði: „Öll frumgæði mannfélagsins - frelsi og tækifæri, tekjur og eignir svo og forsendur sjálfsvirðingar - eiga að skiptast jafnt á fólk, nema því aðeins ójöfn skipting einhverra eða allra þessara gæða sé þeim til hagsbóta sem höllustum fæti standa.“ (Þorsteinn Gylfason, 1998:15).

3. LÍKANID

Við uppbyggingu líkansins þar sem leitast er við að finna raunhæfa leið til að greina siðferðileg álitafni og taka á þeim þarf að líta til forsendna, forgangsröðunar og markgilda eða kjölfestu (Morgan, 2007:162-164). Forsendurnar byggjast á framangreindum þáttum, siðfræðikenningum og siðferðisgæðum, og er líkanið sett fram í töfluformi sem lítur þannig út:

		Siðferðisgæði		
		Réttlæti	Sjálfræði	Kærleikur
Siðfræðikenningar	Forsendur			
	Dyggðakenning			
	Réttindakenning			
	Skyldukenning			
	Nytjakenning			

Til einföldunar verður kennisetningunum, forsendunum, skipt út fyrir spurningar sem tengjast málefni um afskriftir skulda ákveðinna einstaklinga í bankakerfinu en ekki annarra. Spurningarnar hljóða þá þannig fyrir siðfræðikenningarnar:

- Dyggðakenning:
Samræmist niðurstaðan almennum lífsviðhorfum?
- Réttindakenning:
Er niðurstaðan byggð á sömu réttindum og skyldum í öllum tilvikum?
- Skyldukenning:
Kæmust aðrir að sömu niðurstöðu?
- Nytjakenning:
Eykur niðurstaðan vellíðan og minnkar vanlíðan eins margra og unnt er?

Að sama skapi verða spurningarnar um siðferðisgæðin svohljóðandi:

- Réttlæti:
Samræmist niðurstaðan almannaheill?
- Sjálfræði:
Er niðurstaðan bankanum til hagsbóta?

- Kærleikur:
Myndi bankinn óska eftir sömu niðurstöðu ef hann væri í sporum viðskiptavinar?

Að teknu tilliti til þessara breytinga kemur líkanið til með að líta þannig út:

Forsendur		Siðferðisgæði		
		Samræmist niðurstaðan almannaheill?	Er niðurstaðan bankanum til hagsbóta?	Myndi bankinn óska eftir sömu niðurstöðu ef hann væri í sporum viðskiptavinar?
Siðfræðilemningar	Samræmist niðurstaðan almennum lífsviðhorfum ?			
	Er niðurstaðan byggð á sömu réttindum og skyldum?			
	Kæmst aðrir að sömu niðurstöðu?			
	Eykur niðurstaðan velliðan og minnkar vanlíðan eins margra og unnt er?			

Forgangsröðun siðferðisgæðanna liggur fyrir eins og fram hefur komið en hægt er að lýsa henni þannig:

Réttlæti > Sjálfræði > Kærleikur

Til að endurspeglar ólíkt vægi siðferðisgæðanna og setja það í hlutlægt form verður að ákvarða tölugildi fyrir hvert þeirra sem fellur undir forgangsröðunina. Slík ákvörðun verður að vera í höndum þeirra sem bera ábyrgð á afskriftum í bankakerfinu; s.s. bankaráði, bankastjóra eða framkvæmdastjóra. Í meðfylgjandi sýnidæmi er notast við tölugildin fimm á réttlæti, þrjú á sjálfræði og einn á kærleika (á myndinn kemur vægið fram undir siðferðisgæðum en fyrir ofan spurningarnar sem eru dregnar af siðferðisgæðunum).

Forsendur		Siðferðisgæði		
		5	3	1
Siðfræðilemningar	Samræmist niðurstaðan almennum lífsviðhorfum ?			
	Er niðurstaðan byggð á sömu réttindum og skyldum?			
	Kæmst aðrir að sömu niðurstöðu?			
	Eykur niðurstaðan velliðan og minnkar vanlíðan eins margra og unnt er?			


Markgildin eru töluleg gildi þeirra svarmöguleika sem koma til greina þegar spurningunum sem fram koma í röðum og dálkum er svarað. Þessi gildi þurfa að vera ákvörðuð af sama hópi og ákvarðaði vægið; þ.e.. bankaráði, bankastjóra eða framkvæmdastjóra. Sýnidæmið gengur út frá því að svarmöguleikar markgildanna séu þrjú, „já“, „nei“ eða „jafnvel“, ef menn eru óvissir. Tölugildin fyrir þessa liði í sýnidæminu eru fjórir fyrir já, tveir fyrir jafnvel og núll fyrir nei.

		Siðferðisgæði		
		5	3	1
Forsendur		Samræmist niðurstaðan almannaheill?	Er niðurstaðan bankanum til hagsbóta?	Myndi bankinn óska eftir sömu niðurstöðu ef hann væri í sporum viðskiptavinar?
Siðfræðikenningar	Samræmist niðurstaðan almennum lífsviðhorfum ?	Hólf 1	Hólf 5	Hólf 9
	Er niðurstaðan byggð á sömu réttindum og skyldum?	Hólf 2	Hólf 6	Hólf 10
	Kæmust aðrir að sömu niðurstöðu?	Hólf 3	Hólf 7	Hólf 11
	Eykur niðurstaðan vellíðan og minnkar vanlíðan eins margra og unnt er?	Hólf 4	Hólf 8	Hólf 12
Já		4	4	4
Jafnvel		2	2	2
Nei		0	0	0

Þar sem líkanið er nú tilbúið til notkunar verður fjallað um nánari útfærslu þess hér á eftir.

3.1 Unnið með líkanið

Líkanið er fylki af stærðinni þrisvar sinnum fjórir eða tólf hólf sem hvert um sig kallar á svar við tveimur spurningum sem grundvallast á siðfræðikenningum og siðferðisgæðum. Svara þarf hverju hólf fyrir sig með einum af þremur svarmöguleikum; já, jafnvel eða nei. Samtala hvers dálks er fengin, x , og hún síðan margfölduð með vægi dálksins sem gefur niðurstöðu, y . Með þessu móti fást út þrjár tölur í hverjum dálki, y , sem síðan eru lagðar saman og fengin út heildarsamtala, z . Meðfylgjandi mynd sýnir samhengið:



Lægsta mögulega samtala er núll þegar öll hólf fá gildið núll, samtala dálksins verður núll, margfeldi hvers dálks við vægi verður núll og samtala dálka margfaldað með vægi verður núll, sbr. meðfylgjandi mynd:

		Siðferðisgæði			
		5	3	1	
Forsendur		Samræmist niðurstaðan almannaheill?	Er niðurstaðan bankanum til hagsbóta?	Myndi bankinn óska eftir sömu niðurstöðu ef hann væri í sporum viðskiptavinar?	
Siðferðiskenningar	Samræmist niðurstaðan almennum lífsviðhorfum ?	0	0	0	
	Er niðurstaðan byggð á sömu réttindum og skyldum?	0	0	0	
	Kæmust aðrir að sömu niðurstöðu?	0	0	0	
	Eykur niðurstaðan velliðan og minnkar vanlíðan eins margra og unnt er?	0	0	0	
		Já	4	4	4
		Jafnvel	2	2	2
		Nei	0	0	0
		Samtala dálksins	0	0	0
		Samtala dálks margföldið með vægi dálks	0	0	0
		Samtala dálka, vægis og raða	0		

Hæsta mögulega samtala getur orðið 144 en það er þegar öll hólf fá gildið 4, summa allra dálka verður 16, hver dálkur er margfaldaður með vægi og fást þá út þrjú tölugildi: 80, 48, og 16, en þær lagðar saman eru 144, sbr. meðfylgjandi mynd:

		Siðferðisgæði			
		5	3	1	
Forsendur		Samræmist niðurstaðan almannaheill?	Er niðurstaðan bankanum til hagsbóta?	Myndi bankinn óska eftir sömu niðurstöðu ef hann væri í sporum viðskiptavinar?	
Siðferðiskenningar	Samræmist niðurstaðan almennum lífsviðhorfum ?	4	4	4	
	Er niðurstaðan byggð á sömu réttindum og skyldum?	4	4	4	
	Kæmust aðrir að sömu niðurstöðu?	4	4	4	
	Eykur niðurstaðan velliðan og minnkar vanlíðan eins margra og unnt er?	4	4	4	
		Já	4	4	4
		Jafnvel	2	2	2
		Nei	0	0	0
		Samtala dálksins	16	16	16
		Samtala dálks margföldið með vægi dálks	80	48	16
		Samtala dálka, vægis og raða	144		

Miðað við gefnar forsendur, vægi og markgildi er hægt að halda því fram að eftir því sem hærra gildi er á heildarsamtölunni, z, þeim mun fremur eiga afskriftir við útfrá siðferðilegu sjónarmiði.

Að sama skapi er hægt að útfæra töfluna enn frekar og ákveða fyrirfram hver lágmarkseinkunn skuli vera til að hægt sé að réttlæta það að afskrift eigi sér stað. Þar með er komin hlutbundin leið sem réttlætir afskriftir skulda í bankakerfinu fyrir suma en ekki aðra útfrá huglægum siðferðilegum forsendum.

Útfærslan gæti hljóðað þannig að fyrirfram er ákvarðað lágmarkstölugildi fyrir hvern dálk auk lágmarkstölugildis fyrir heildina, z.

Dæmið gæti þá byggt á þeirri forsendu að lágmarkseinkunn, z, sé helmingur af spönn hæsta og lægsta gildis en það jafngildir $72 ((144-0)/2)$, en auk þess skuli samtala fyrsta dálks, x1, að lágmarki vera 8. En þá lítur taflan þannig út:

		Siðferðisgæði		
		5	3	1
Forsendur		Samræmist niðurstaðan almannaheill?	Er niðurstaðan bankanum til hagsbóta?	Myndi bankinn óska eftir sömu niðurstöðu ef hann væri í sporum viðskiptavinar?
Siðfræðikenningar	Samræmist niðurstaðan almennum lífsviðhorfum ?	4	4	2
	Er niðurstaðan byggð á sömu réttindum og skyldum?	4	2	0
	Kæmust aðrir að sömu niðurstöðu?	0	2	0
	Eykur niðurstaðan velliðan og minnkar vanlíðan eins margra og unnt er?	0	2	0
	Já	4	4	4
	Jafnvel	2	2	2
	Nei	0	0	0
	Samtala dálksins	8	10	2
	Samtala dálks margföldið með vægi dálks	40	30	2
	Samtala dálka, vægis og raða		72	

Með þessu móti er búið að vega og meta hvern þátt og hann ákveðinn fyrirfram áður en farið er af stað. Þar með getur taflan gagnast við að gera grein fyrir aðstæðum. Auk þess getur taflan einfaldað öðrum starfsmönnum ákvarðanatöku byggða á huglægum gildum ábyrgðaraðila.

3.2 Umhugsunaratriði

Mikilvægt er að hafa í huga að framangreind nálgun byggir á mjög yfirborðslegri kynningu á siðfræðinni og mikilli einföldun á siðfræðikenningum. Endalaust væri hægt að bæta við listann yfir siðfræðikenningar en fjórskiptingin er gagnlegt tæki þar sem við verðum að draga mörkin einhvers staðar. Reynslan hefur sýnt að þessir fjórir flokkar hafa gagnast fólki vel (Páll Skúlason, 1990:64). Markmiðið var að útfæra aðferð byggða á ólíkum siðfræðikenningum og leggja þær saman til að sýna fram á að til sé ein algild siðfræði sem er einhvers konar útkoma ólíkra sjónarhorna siðfræðinnar eða samþætting þeirra.

Vert er að hafa í huga að bent hefur verið á að sú fjórskipting sem kynnt var til sögunnar byggji mikið á karllægum og vestrænum gildum.

Síðast en ekki síst má deila um hvaða spurningar, sem byggja á siðfræðikenningum og siðferðisgæðum, séu settar fram, hvaða svarmöguleikar standa til boða og hvaða tölugildi eru sett á vægi og markgildi. Svör við þeim spurningum verða ekki gefin í stuttum texta og sennilega aldrei endanlega.

4. SAMANTEKT

Þegar lagt var af stað með þetta verkefni var markmiðið að setja fram líkan sem gefur kost á því að réttlæta með siðferðilegum hætti afskriftir skulda ákveðinna einstaklinga í bankakerfinu en ekki annarra. Grunnforsendur eru byggðar á siðfræði og settar fram í formi siðfræðikenninga og siðferðisgæða. Forsendurnar eru þumalputtareglur sem eiga að einfalda siðferðilegar ákvarðanir í daglegu lífi með því að þær eru gerðar hlutlægar. Jafnframt miða þær að því að gera notendur meðvitaða um fyrirliggjandi forsendur og varpa þannig ljósi á aðstæðurnar. Allt á þetta leggja grunn að og ýta undir það að komist sé að skynsamlegri og rökstuddri niðurstöðu.

4.1 Niðurstaða

Sett var upp líkan sem dregur fram forsendur og forgangsröðun. Líkanið byggir á hlutlægum niðurstöðum sem gerir kleift að bera saman ólík afskriftarmál. Auk þess á framsetningin að auka líkur á því að hægt sé að ræða hlutlægt um huglæg málefni og minnka líkur á því að niðurstaðan verði ómálefnaleg.

Mjög mikilvægt er í siðferðilegum álitamálum að forsendurnar liggi fyrir áður en takast þarf á við verkefni en þær ekki mótaðar samhliða útfærslu á verkefninu. Vissulega verður ætíð hægt að takast á um forsendurnar enda mun siðferðisvandi ætíð vera til staðar. Meðvitund á aðstæðum og þekking á siðfræði getur einungis stutt við dómgreind okkar þegar við þurfum að skynja og meta aðstæður. Líkanið leysir ekki vandann við að komast að niðurstöðu eða taka ákvörðun en það varpar ljósi á hann.

Eftir situr að þekking okkar mun alltaf verða ófullkomin og takmörkuð. Forsendur, niðurstöður og dómar verða umdeilanleg og vafasöm. Því má segja að viljinn til að bæta ráð okkar og gera betur í því að takast á við verkefni dagsins er líklega það sem skiptir mestu máli.

4.2 Áhættuþáttur

Þekking á siðfræði á að gera okkur hæfari til að taka ákvarðanir. Mikilvægt er að forsendur í siðferðislegum efnum séu ljósar fyrirfram áður en farið er af stað enda erfitt að dæma niðurstöður siðlausar ef forsendur liggja ekki fyrir. Þrátt fyrir að reynt sé að tryggja þessa þætti þá stöndum við frammi fyrir breyskleika mannanna sem hafa viljað skilja hlutina þannig að það henti þeim til að uppfylla eiginhagsmuni á kostnað annarra. En forsendur eru oft á tíðum óskýrar og hraðinn í þjóðfélaginu kallar iðulega á skjótar ákvarðanir við aðstæður sem gera meiri kröfur til einstaklingsins en hann getur í raun staðið undir. Því er mikilvægt að skilja forsendurnar og ná tökum á aðstæðum til þess að reyna að móta betra og réttlátara líf (Páll Skúlason, 1990:12).

5. UMRÆÐA

Gagnsæi er eitt þeirra atriða sem krafa er gerð um í þjóðfélaginu á þessum tímum. Það ýtir líka undir uppbyggingu á trausti sem bankakerfið í landinu byggir á en hefur glatað. Því er mikilvægt að forsvarsmenn bankanna ákvarði þær siðferðislegu forsendur sem fyrirtækjum þeirra ber að byggja á. Síðan er nauðsynlegt að setja

Þessi huglægu gildi í hlutlægt form svo hægt sé að skilja betur hvað átt er við og hvað skiptir máli við afskriftir skulda ákveðinna einstaklinga í bankakerfinu en ekki annarra.

Að lokum vil ég gera skilaboð Lisu M. Cataldo til þeirra sem starfa í viðskipta- og athafnalífi að mínum: „Þú getur ekki klofið hlutina í sundur, þú getur ekki skorið viðskiptalíf þitt frá tilfinningu þinni og gildismati. [...] Að kljúfa viðskiptalífið frá spurningum um gildismat, réttlæti og mannlegar tilfinningar allra þeirra hagsmunaaðila sem málið verðar mun alltaf leiða til vanda og er ekki sjálfbært.“ (Haukur Ingi Jónasson, 2009:30).

6. ÞAKKIR

Ég vil koma á framfæri þakklæti til leiðbeinanda míns, Björns Þorsteinssonar, fyrir þær umræður sem við áttum um efnið og þá vegi sem heillavænlegast væri að taka. Einnig vil ég þakka forsvarsmönnum MPM námsins, Helga Þór Ingasyni og Hauki Inga Jónassyni, þar sem námið gaf mér möguleika á því að takast á við mörg áhugaverð viðfangsefni. Jafnframt þakka ég sammendum mínum fyrir gefandi samstarf og áhugaverðar umræður á ferðalagi okkar um fræðaheim verkefnastjórnunar. Síðast en ekki síst þakka ég fjölskyldu minni innilega fyrir stuðninginn og tillitsemna svo ég gæti helgað mig náminu eins og þörf var á hverju sinni.

7. HEIMILDASKRÁ

Haukur Ingi Jónasson (2008), *The Relevance of Ethical Theory for Ethical Risk Assessment in Projects*. Roma, Italy: 22nd IPMA World Congress.

Haukur Ingi Jónasson (2009), „Dr. Lisa M. Cataldo: Kreppan er fyrirlestur til okkar um það sem við þurfum að læra.“ Fréttablaðið 29.ágúst.

Haukur Ingi Jónasson (2009), *Leiðtoginn og umhverfið: Siðfræði verkefnastjórnunar*. Óbirt handrit.

Morgan, Mark, Raymond E. Levitt og William Malek (2007). *Executing your strategy*. Boston, Harvard Business School Press.

Páll Skúlason (1987). *Pælingar*. Reykjavík: Ergo sf.

Páll Skúlason (1989), *Pælingar II*. Reykjavík: Páll Skúlason.

Páll Skúlason (1990), *Siðfræði*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í siðfræði.

Peale, Norman Vincent (1990), *Minnisstæðar tilvitnanir*. Reykjavík: Reykholt hf.

Vilhjálmur Árnason (2008), *Farsælt líf, réttlátt samfélag*. Reykjavík: Heimskringla – Háskólaforlag Máls og menningar.

Þorsteinn Gylfason (1998), *Réttlæti og ranglæti*. Reykjavík: Heimskringla – Háskólaforlag Máls og menningar.